

**Álfaborg
Skólanámskrá**



2025-2026

Námskrá Álfaborgar

Álfaborg er leikskóli sem vinnur eftir Uppbyggingarstefnunni og námskrá Álfaborgar. Í leikskólastarfinu er auk þess lögð áhersla á Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær, sjálfsprottinn leik og flæði í dagskipulagi.

Í námskrá Álfaborgar er unnið út frá einkunnarorðum skólans sem eru umhyggja, virðing, metnaður og gleði. Inn í þessi fjögur einkunnarorð er búið að tengja grunnþætti og námssvið Aðalnámskrár leikskóla ásamt fleiri áherslupáttum sem eru í starfinu:

- **Umhyggja** – lýðræði og mannréttindi – sjálfbærni – tónlist – leikur
- **Virðing** – málproski – jafnrétti – heilbrigði og velferð – leikur
- **Metnaður** – læsi – samskipti – tækni – leikur
- **Gleði** – sköpun – stærðfræði – menning – leikur

Leikurinn er einn af hornsteinum leikskólastarfs og er aðalnámsleiðin í starfinu en námsleiðir í leikskóla eru fjölbreyttar. Því er leikurinn með í öllum hópum til að ýta undir mikilvægi hans og gefa honum nægt rými.

Námskráin er deildarskipt og eru ekki eins námsmarkmið fyrir allar deildir.

Námsmarkmiðin á Hreiðri eru fyrir börn á aldrinum 1-2 ára og á Rjóðri og Kvist eru þau fyrir börn á aldrinum 2-6 ára. Námsmarkmiðunum er skipt upp eftir áherslupáttum og sett upp sem stök markmið.

Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps

Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps nær til leikskólans Álfaborgar og grunnskólans Valsárskóla. Í skólastefnunni er fjallað um framtíðarsýn, nemendur, starfsfólk, heimili og skóla og samfélag og náttúru. Í hvorum skóla er eigin skólanámskrá og koma allir starfsmenn að gerð hennar. Í Álfaborg er hún byggð á stefnu sveitarfélagsins, Aðalnámskrá leikskóla, lögum og reglugerðum um leikskóla, Barnasáttmálanum og grunnþáttum og námssviðum menntunar. Að auki er hún byggð á sameiginlegri stefnu skólanna sem er Uppbyggingarstefnan.

[Skólastefna Svalbarðsstrandarhrepps](#)

Uppbyggingarstefnan

Uppbyggingarstefnan, Uppeldi til ábyrgðar – uppbygging sjálfsaga, er stefna sem felur í sér að kenna börnum sjálfsstjórn og sjálfsaga. Aðferðin ýtir undir ábyrgðarkennd og að börn átti sig á styrkleikum sínum og þörfum. Einnig er áhersla lögð á að þau læri af mistökum sínum og nýti reynsluna á jákvæðan hátt. Stefnan er einnig verkfæri fyrir starfsfólk skólans í samskipta- og aga málum.

[Uppbyggingarstefnan](#)

Leikurinn sem aðalnámsleið

Fram kemur í aðalnámskrá leikskóla að leikur sé ein meginnámsleið barna, þeirra lífstjáning og stór þáttur bernskuáranna. Í Álfaborg er lagt upp með að gefa góðan tíma og gott rými fyrir sjálfsprottinn leik. Sjálfsprottinn leikur er þegar börnin ráða ferðinni og geta byggt á sínum áhuga og styrkleikum, nota efnivið á fjölbreyttan hátt og setja reglurnar sjálf. Í gegnum leikinn æfast börn meðal annars í félagslegum aðstæðum, samskiptum og efla alhliða þroska sinn.

Það er mikilvægt að starfsfólk leikskóla viti og skilji hvað leikur felur í sér en það getur auðveldað við að skipuleggja leikskólastarf þar sem leikurinn er í forgangi og fylgja því eftir. Helstu birtingarmyndir leiks eða leikforms hjá börnum er flokkaður í hreyfi- og ærslaleikur, byggingaleikur og hlutverka- og þykjustuleikur.

[Handbók um leik barna í leikskólum](#)

Samstarf heimilis og leikskóla

Samstarf heimilis og leikskóla er mikilvægur liður í velferð barna en í Álfaborg er lögð mikil áhersla á gott samstarf þar á milli. Foreldrar/forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna en leikskólastarfið er viðbót og stuðningur við það. Börn dvelja stóran hluta dagsins í leikskólanum og því er nauðsynlegt að starfsfólk viti um líðan barnsins og venjur heima fyrir. Lagt er upp með að hafa gott upplýsingastreymi á milli í báðar áttir.

[Foreldrahandbók Álfaborgar](#)

Námsmat

Það er órjúfanlegur þáttur í skólastarfi að meta nám og þroska barna, ýmis matstæki eru notuð í Álfaborg til þess að sinna því starfi. Með því að vera stöðugt að fylgjast með og meta börnin þá er hægt að grípa fyrr inn í með snemmtækri íhlutun og veita þann stuðning og þjónustu sem á þarf að halda hverju sinni. Til þess að geta lagt fyrir TRAS, HLJÓM-2, EFI-2 og MIO þarf viðkomandi starfsmaður að hafa lokið viðeigandi námskeiði.

- **Leiðsagnarmat** – aðferð til þess að meta framfarir barna, í aðalnámskrá leikskóla er lögð áhersla á að notast við leiðsagnarmat í leikskólastarfi. Þá er verið að leggja áherslu á að leiðbeina börnum, spyrja opinna spurninga og hvetja til samræðna en þá fá börn tækifæri til þess að hugsa um og velta fyrir sér því sem þau eru að gera. Í leiðsagnarmati er lögð áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, t.d. myndir og föndur sem þau gera, samræður og afmarkaðar æfingar. Lögð áhersla á að börnin séu þátttakendur í námsferlinu og að endurgjöf frá starfsfólki þarf að vera uppbyggjandi, gagnleg og jákvæð svo börnin geti nýtt sér hana til áframhaldandi náms.
- **Ferilmappa** – segir sögu barnsins í gegnum leikskólagönguna, þarna safnast saman verk barnsins og námsferill. Við útskrift fær barnið að eiga möppuna sína en hún er alltaf aðgengileg í leikskólanum fram að því til þess að skoða. Innihald möppunnar á að meta líðan barnsins í gegnum leik og starfið og alla námsþætti leikskóla. Dæmi um það sem verður í möppunni er þroskalisti sem er fylltur út í afmælistánuði barns, myndir úr starfinu, verk sem barnið vill setja í hana og mat á leik barns og félagslegum samskiptum í hverjum mánuði.
- **TRAS** – skráning á mál- og félagsþroska börnum á aldrinum 2-5 ára. Þetta skráningartæki hjálpar til við að finna þau börn sem hafa frávik í mál- og félagsþroska. TRAS er lagt fyrir öll börn á þessum aldri tvisvar yfir árið, á sex mánaða fresti. Farið er yfir niðurstöður á viðeigandi heimastofu og metið hvort þurfi að vinna með einhverja þætti, foreldrar fá einnig að vita niðurstöður í foreldraviðtölum að vori.
- **EFI-2** – skimar málþroska hjá þriggja ára börnum, lagt fyrir allan þann árgang hverju sinni. Skimunin byggir á myndabók sem barn og starfsmaður skoða saman, skiptist í málskilning og máltjáningu. Þau börn sem mögulega koma út

með slakan málþroska fá aukinn stuðning til að vinna með það, foreldrar fá að vita niðurstöður í foreldraviðtali.

- **MIO** – skimun á stærðfræðiþroska hjá börnum á aldrinum 2,5 árs- 4,5 ár, lagt fyrir einu sinni á ári. Þessi skimun metur þá stærðfræðifærni sem barn hefur tileinkað sér og hvort frávik séu til staðar. Farið er yfir niðurstöður á viðeigandi heimastofu og metið hvort þurfi að vinna með einhverja þætti, foreldrar fá einnig að vita niðurstöður í foreldraviðtölum að vori.
- **HLJÓM-2** – greiningartæki sem er lagt fyrir elsta árganginn til að meta hljóðkerfisvitund þeirra. Þetta er lagt fyrir að hausti og aftur að vori, það er verið að greina þau börn sem eru mögulega í áhættu fyrir lestrarerfiðleikum síðar meir. Í HLJÓM-2 er verið að skoða samstöfur, samsett orð, rím, margræð orð, hljóðgreiningu, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Þau börn sem hafa slaka færni í einhverjum af þáttunum fá aukna aðstoð yfir veturinn, ef einhver þáttur er áberandi slakur yfir hópinn er unnið með það í öllum hópnum. Foreldrar fá niðurstöður úr HLJÓM-2 á haustin og niðurstöður fylgja börnunum yfir í grunnskóla.

Markmið okkar í Álfaborg eru:

- Að öllum börnunum líði vel og séu glöð í leikskólanum.
- Að hvert barn læri að bera virðingu fyrir sér, öðrum, náttúrunni og umhverfinu.
- Að horft sé á námsþarfir barna, styrkleika þeirra og leitast sé við að finna leiðir sem virka fyrir hvern og einn einstakling.
- Að hver einstaklingur fái notið sín, hæfileika sinna og læri af eigin reynslu og í samskiptum við aðra.
- Að efla með þeim forvitni, ígrundun, gagnrýna hugsun og félagslega færni.

Umhyggja - námsmarkmið

lýðræði og mannréttindi – sjálfbærni – tónlist – leikur

Allir í Álfaborg sýna umhyggju í verki, vinsemd, skilning og vilja til að hjálpa auk þess að skapa örugg tengsl með því að sýna umburðarlyndi og kærleika. Við sýnum hvert öðru áhuga, hrósum, samgleðjumst öðrum og sýnum samhug.

Dæmi um námsleiðir: Samræður og virk hlustun, lesa bækur, syngja lög, leikur, hreyfing, prófa mismunandi hljóðfæri og útikennsla.

Markmið umhyggju eru:

- að börnunum líði vel í leikskólanum
- að börnin finni fyrir öryggi í hóp en einnig þegar þau eru ein
- að börnin geti sýnt öðrum skilning og vinsemd
- að börnin geti sagt sína skoðun ófeimin
- að börnin geti sagt einhverjum frá ef eitthvað er að og þeim er trúað.

Hreiður

Lýðræði og mannréttindi	Sjálfbærni	Tónlist	Leikur
Við leggjum áherslu á grunnþarfir einstaklings sem eru öryggi, að tilheyra, frelsi, gleði og áhrifavald	Ganga vel um leikskólalóðina okkar, fjarlægja óæskilega hluti séu þeir til staðar	Syngja með börnunum daglega og eflum þar að leiðandi hljóðkerfisvitund þeirra	Starfsfólk leggur áherslu á að vera á gólfinu með börnunum í leik með fjölbreyttum efnivið
Efla börnin sem einstaklinga, við erum jafn misjöfn og við erum mörg	Við endurnýtum efnivið í sköpun	Kynna fyrir þeim hljóðfæri t.d. hristur þar sem þau fá tækifæri til að skapa sinn eigin hljómheim	Gefa börnunum tækifæri á sjálfssprottnum leik með stuðningi kennara
Við veitum börnunum daglega umönnun eftir þeirra þörfum á hverjum tíma	Við flokkum rusl	Förum í dans- og hreyfileiki reglulega	Við leggjum áherslu á að kenna þeim að leika saman og vera vinir
			Öll börn eiga rétt á að leika sér

Rjóður og Kvistur

Lýðræði og mannréttindi	Sjálfbærni	Tónlist	Leikur
Frelsi til að vera maður sjálfur, það eru ekki allir eins	Ganga vel um leikskólalóðina svo hún verði örugg fyrir alla	Syngja saman lög	Kenna börnum að það sé í lagi að leika einn jafnt og í hóp með öðrum
Spjalla saman í hópastarfi og samverustund svo allir fái tækifæri til að tjá sig og læri að hlusta á hina	Læra að skammta sér hæfilega á disk og bara það sem á að borða	Börnin fái tækifæri til að skapa eigin tónlist, bæði með söng og hljóðfæraleik	Fá hugmyndir hjá börnum hvaða leiki þau vilja fara í
Læra að velja fyrir sig og aðra t.d. í sjálfsprottnum leik	Útiskóli kennir virðingu fyrir náttúru og dýrum t.d. með því að tína rusl	Vinna með takt, t.d. klappa nöfn barnanna	Hvetja til fjölbreyttra leikja
Læra að virða skoðanir annarra	Læra að flokka mat, pappír og almennt rusl	Prófa mismunandi hljóðfæri	Læra í gegnum sjálfsprottna leiki
Efla elstu börnin til að koma með hugmyndir	Nota endurnýtanlegan efnivið í starfinu	Hlusta á tónlist frá mismunandi menningarheimum	Leika úti í náttúrunni til þess að kanna, skoða og læra um hana
	Ekki skemma og eyðileggja, bæði inni og úti í náttúrunni	Dansa	Öll börn eiga rétt á að leika sér

Virðing - námsmarkmið

málþroski - jafnrétti – heilbrigði og velferð – leikur

Öll börn eiga rétt á að læra og þroskast í öruggu umhverfi þar sem þeim er mætt af virðingu. Nauðsynlegt er að efla sjálfstraust barna með því að hjálpa þeim að finna sínar sterku hliðar. Það að virðing sé höfð að leiðarljósi í gegnum allt starf sem fram fer í leikskólanum er mikilvægt. Virðing er að vera góður vinur, hlusta á og bera virðingu fyrir skoðunum annarra, fara vel með hluti, standa með sjálfum sér og að koma vel fram við aðra.

Dæmi um námsleiðir: hlutverka- og hreyfileikir, lestur, samverustundir, samræður, leggja orð á það sem er verið að gera og skoða.

Markmið virðingar eru:

- að efla færni barnanna í mannlegum samskiptum sem einkennist af virðingu vináttu og kærleika
- að læra að við lærum á mismunandi hátt
- að hjálpa þeim að virða að enginn er eins
- að við lærum að við megum vera við sjálf.

Hreiður

Málproski	Jafnrétti	Heilbrigði og velferð	Leikur
Lesi og syngja með börnunum daglega	Kenna börnunum að hlusta á aðra og að tjá skoðanir sínar án þess að særa aðra	Útivist og hreyfing daglega, að börnin læri að bera virðingu fyrir náttúrunni	Gefa börnunum tíma í sjálfsprottinn leik
Efla orðaforða með því að setja orð á hluti og athafnir. Eins og t.d. liti, dýr, tölur og líkamshluta	Kenna börnunum að enginn er eins, við erum öll einstök	Næringarríkur matur og ávaxtastund milli mála	Kenna börnum góð samskipti í gegnum leikinn og að læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
Auka orðaforða með því að hvetja þau til að endurtaka orð	Kenna börnunum kurteisi og samkennd	Kenna þeim að nota mataráhöld	Söngstund með hristum 4 sinnum í viku
Lengja setningar barnanna með því með því að endurtaka það sem þau segja og bæta inn meiri upplýsingum	Efla börnin sem einstaklinga og fá þau til að horfa á sig og aðra með jákvæðu hugarfari	Kenna þeim mikilvægi hreinlætis eins og t.d. að þvo sér sjálf eftir matinn	Dans og hreyfileikir í gegnum hópastarf
		Hvetja þau til að prófa og smakka fjölbreytta fæðu	Dagleg hreyfing í útivist og leik
		Hvetja þau til fjölbreyttrar hreyfingar eins og að hoppa, klifra og hlaupa við öruggar aðstæður	Efla fínhreyfingar við ýmis fönðurverkefni

Rjóður og Kvistur

Málproski	Jafnrétti	Heilbrigði og velferð	Leikur
Lesi og syngja með börnunum daglega	Efla börnin sem einstaklinga, fá þau til að horfa á sig og aðra með jákvæðum augum	Hvetja börnin til að prófa fjölbreyttan mat	Dans- og hreyfileikir
Lesi bækur, útskýra erfið orð og ræða um innihald	Leyfa börnunum að taka ákvarðanir, bæði fyrir sig og sem hóp	Jákvæð dagleg samskipti	Efla fín- og gróhreyfingar í fjölbreyttum leik
Vinna með rím, byrja á bulli og færa síðan í algeng orð	Spjalla og gefa börnunum tækifæri á að tjá sig og hlusta á aðra	Efla sjálfstæði barnanna	Finna leiðir fyrir öll börn til að vera virkir þátttakendur í leik með öðrum
Vinna með orðaforða, sérstaklega sem tengist tilfinningum, fjölskyldu, líkamanum, veðri og náttúru	Gefa börnunum tækifæri á að velja á hverjum degi, t.d. með hverjum og hvar þau vilja leika sér	Kenna börnum að setja orð á tilfinningar og hvernig eigi að bregðast við þeim	Gefa þeim tækifæri til að vinna með tilfinningar sínar sem koma fram í leik
Lengja setningar barnanna með því að endurtaka það sem þau segja og bæta inn í	Enginn er eins, gefa þeim frelsi til að vera þau sjálf	Kenna börnum félagshæfni, leik og almenn samskipti	Ýtir undir velferð, að börn fái tækifæri til þess að leika sér með vinum sínum
Setja orð á hluti og athafnir	Vinna með sögur sem fjalla um jafnrétti og mannréttindi	Dagleg útivera og hreyfileikir í daglegu starfi	Bera virðingu fyrir því sem hinir vilja gera á meðan þau eru í leik
Læra vísur, þulur og lög		Læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum	
Athyglis- og minnisleikir		Hrósar, gefa hlýju og notast við jákvæða snertingu	
Æfa hlustun, t.d. með lestri og leikjum			
Óbein leiðrétting, herma eftir með réttu			

Metnaður - námsmarkmið

læsi – samskipti – tækni – leikur

Í Álfaborg er mjög metnaðarfullt samstarf á milli skólastiga sem veitir elstu börnum leikskólans öryggi fyrir komandi skólagöngu. Við veitum börnunum uppbyggjandi og skapandi umhverfi til náms. Í leikskólanum er boðið upp á hvetjandi og þroskandi efnivið sem gerir börnunum kleift að vinna að metnaðarfullum og krefjandi verkefnum. Einnig lærum við á stafræna miðla og nýtum okkur tækni á gagnrýnin hátt.

Dæmi um námsleiðir: fjölbreytt námsumhverfi, ýta undir jákvæð samskipti, spyrja opinna spurninga, hafa ritmál sýnilegt og ýta undir áhuga á að lesa og hlusta á sögur.

Markmið metnaðar eru:

- að leggja áherslu á að öll börn geri ávallt sitt besta og séu virk í starfi og leik og hafi trú á eigin getu
- hvetja þau til kynnast tungumálinu sínu
- að þau öðlist færni til að geta lesið í sínar eigin tilfinningar
- að þau öðlist færni til að eiga í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum

Hreiður

Læsi	Samskipti	Tækni	Leikur
Söngstundir og samvera daglega	Hvetja börnin til samskipta í hópastarfi	Spjaldtölvur notaðar til að hlusta á tónlist	Gefa tíma og rými í sjálfsprottinn leik daglega
Hafa gott aðgengi að bókum og lesa fyrir börnin	Setja orð á athafnir barna í daglegum samskiptum	Starfsfólk notar spjaldtölvur til að koma upplýsingum til foreldra	Dagleg útivera þar sem börnin fá tækifæri fyrir ýmiss konar hreyfingu. Þau hafa kost á mismunandi undirlagi bæði gervigrasi og jörðinni
Tilfinningalæsi - setja orð á tilfinningar eins og t.d. ég sé að þú ert reiður núna	Efla samskipti barna í gegnum sjálfsprottinn leik eins og t.d. að		Að börnin fái tíma, viðeigandi efnivið og leikföng til þess að skapa

	kenna þeim að skiptast á		
--	--------------------------	--	--

Rjóður og Kvistur

Læsi	Samskipti	Tækni	Leikur
Útiskóli - kenna börnunum að lesa í nærumhverfið sitt	Efla samskipti barna í gegnum sjálfsprottinn leik	Nýta spjalddölvur til náms, námsleikir eins og t.d. Osmo, Book Creator, Puppet Pals og Orðaleikur	Gefa tíma og rými í sjálfsprottinn leik daglega
Söngstundir og samvera daglega	Kenna félagsfærni og samskipti hjá iðjuþjálf	Nýta spjalddölvur til að hlusta á tónlist og sögur	Dagleg útivera
Hafa gott aðgengi að bókum og skriffærum fyrir börnin	Hvetja börnin til samskipta í hópastarfi	Nota skjávarpa fyrir t.d. bókabíó og Zumba í hreyfingu	Æfa sig í að skiptast á í leik
Lesi fyrir börnin daglega	Fá rými til að eiga í samræðum við önnur börn	Æfa sig í að verða meðvituð og gagnrýnin á stafræna tækni	Nota tækni á skapandi hátt í leik
Búa til sögur		Öll börn eiga að hafa jafnan aðgang að stafrænni tækni	Spila margskonar spil
Spyrja börnin spurninga og hvetja þau til að spyrja			
Tilfinningalæsi - setja orð á tilfinningar okkar og þeirra			

Gleði - námsmarkmið

sköpun - stærðfræði - menning - leikur

Í Álfaborg er lögð áhersla á að gleðin fái að ríkjum í daglegu starfi, jafnt í vinnu sem leik. Gleðin endurspeglar í samskiptum sem einkennast af vinskapi, umburðarlyndi og friðsemd. Lögð er áhersla á að leggja okkur fram um að vera jákvæð gagnvart verkefnum og horfa á að gera sitt besta. Það er alltaf val hvernig við veljum að takast á við aðstæður og hvaða viðhorf við tileinkum okkur til annarra sem eru með okkur. Í starfinu höfum við

gleðina að leiðarljósi en gerum okkur grein fyrir að allir geta átt misjafna daga og við erum jafn ólík og við erum mörg.

Dæmi um námsleiðir: að allir séu góðar fyrirmyndir, sýni bros, glaðværð, jákvæðni, hrós og hlátrasköll í daglegu starfi. Leikurinn er aðalnámsleið barna þar sem þau geta prófað sig áfram og skapað sinn ævintýraheim. Hafa greiðan aðgang að efnivið, gera tilraunir og efla sjálfstraust með t.d. aukinni framkomu.

Markmið gleði eru:

- að börnum líði vel og að þau séu hamingjusöm
- að kenna börnum að standa með sjálfum sér og því sem þau geta
- að efla forvitni og sköpunargleði barna

Hreiður

Sköpun	Stærðfræði	Menning	Leikur
Gefa tíma og aðgengi fyrir sjálfsprottinn leik	Raða og flokka saman	Æfa okkur í almennri kurteisi: t.d. bjóða góðan dag, þakka fyrir matinn	Alls konar hreyfileikir, bæði sjálfssprottinn og með stuðningi kennara
Aðgengi að opnum efnivið, þá fer sköpun af stað	Byggja úr kubbum	Halda í íslenska arfleifð með t.d. söng og sögum	Æfa sig í að deila og leika saman
Í samvinnu með kennara að uppgötva myndlist og sköpun	Æfa sig í að nota t.d. stór/lítill	Heimsókn í nærsamfélag	Gefa tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik alla daga
Dans og hljóðafæranotkun, búa til tónverk	Klapp og talning í söng, atkvæði og taktur. Tölur hugtök og lengd	Hátíðir og hefðir	Að kennarar séu til staðar og sýni þeim áhuga

Rjóður og Kvistur

Sköpun	Stærðfræði	Menning	Leikur
Gefa tíma og aðgengi fyrir sjálfsprottinn leik	Raða, para saman og flokka	Æfa okkur í almennri kurteisi sem tíðkast í okkar samfélagi: t.d. bjóða góðan dag, þakka fyrir matinn,	Gera okkar besta, þú og ég

		kveðja, þakka fyrir daginn, almennt hreinlæti	
Aðgengi að opnum efnivið, þá fer sköpun af stað	Hafa tölur sýnilegar	Fylgjum hátíðlegum hefðum, t.d. jól, páskar, sumard. fyrsti, bónda- og konudag, þorrablót	Endurskapa það sem þau þekkja í gegnum leik á sinn hátt
Að veita börnum tækifæri til að hanna og velja og búa til t.d. gjafir, kórónur og myndverk	Vinna með stærðfræðileg tákn: hringur, ferningur, þríhyrningur, stjarna og hjarta	Heimsókn í nærsamfélag	Sýna frumkvæði
Æfa okkur að gleðjast yfir útkomu og gleðjast með öðrum	Vinna með mismunandi mælieiningar og það sem er notað skiptir máli: t.d. skór, kubbar og bolti.	Grenndarkennsla í útiskóla	Gefa tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik alla daga
Kenna börnum að taka hrósi og gefa hrós	Vinna með stærðfræðileg hugtök: t.d. stór, stærri, stærstur: lítil, minni, minnstur	Gerum myndlist og höldum árlega sýningu í Safnasafninu	Efla samskipti og félagsfærni í gegnum leik
Dans og hljóðafæranotkun, búa til tónverk	Perla: munstur og speglun	Höldum upp á afmæli á okkar vegu	Æfa sig í að leika í hóp með öðrum
Í útivist er sköpun í gangi í sandkassa, drullubúi og sjálfsprottnum fjölbreyttum útileikjum		Nýtum fjölbreyttan menningarheim barnahópsins hverju sinni	Efla trú og getu á sjálfum sér í gegnum leikinn
Hlutverkaleikir, þar fer fram frjáls sköpun		Halda í íslenska arfleifð með t.d. söng og sögum	Hafa verkefni og leiki sem styðja við frumkvæði og áhuga barna

September 2025

Guðrún Hallfríður Björnsdóttir

Leikskólastjóri